

Ed.

612. Nefndarálit

[130. mál]

um frv. til laga um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir.

Frá minni hl. heilbrigðis- og trygginganefndar.

Ég hef talið rétt að skila séráliti um þetta mál, þó að ég sé samþykkur megin-efni þessa frumvarps og styðji framgang þess, þó að breytingartillögur þær nái ekki fram að ganga, sem ég hefði talið sjálfsagðar og snerta veigamikinn þátt málsins og um leið hinn umdeildasta.

Þýðingarmesti kafli frumvarpsins fjallar um fræðsluþáttinn og ráðgjöf alla varðandi kynlíf og barneignir. Atriði þessa kafla eru öll til bóta og í sumu um mikla framför að ræða frá gildandi lagaákvæðum.

Mestu skiptir þó, hvernig framfylgt verður þeim ákvæðum, sem nú verða lögfest. Þar þarf stórátök, ekki síst hvað snertir fræðsluþáttinn í skólum landsins.

Það er von mín, að hin mikla umræða, sem orðið hefur almennt um þessi mál nú, muni verða til þess m. a., að betur verði fyrir þessum málum séð en gert hefur verið, þau losni úr viðjum þess gamalgróna almenningsálits, dyggilega studds af valdamiklum stofnunum þjóðfélagsins, svo sem kirkjunni, þ. e. að hér sé um að ræða feimnismál, sem best fari á að sem minnst séu rædd af opinskárrí hrein-skilni. Í kjölfar þeirrar breytingar væri fyrst að væntaraunhæfrar framkvæmdar fræðslukaflans, svo sem brún þörf er á.

Á þingskjali 521 flytur Soffía Guðmundsdóttir breytingartillögur, sem snerta þá hlið þessa frv., sem mest hefur verið umdeild, þ. e. um fóstureyðingar. Þessum breytingartillögum hafði áður verið hafnað í neðri deild, en þar flutti Magnús Kjartansson þær, enda samhljóða upphaflegri gerð frv., eins og það var lagt fram af honum sem ráðherra á þinginu 1973—74. Meiri hluti heilbrigðis- og trygginganefndar efri deildar hafnaði þessum tillögum, en ég hlýt að taka þær upp sem mínar, þar sem þær fara saman við eigin skoðanir.

Varðandi kaflann um fóstureyðingar hefur svo margt verið rætt og ritað allt frá því að frv. kom upphaflega fram, að út í það skal ekki farið náið hér í nefndaráliti.

Upphaflega frumvarpsgerðin fól í sér það mikilvæga ákvæði, að ákvörðunar-rétturinn um fóstureyðingu var færður til konunnar, en núverandi frumvarps-gerð gerir hins vegar ráð fyrir því, að ákvörðunarvaldið skuli áfram í höndum embættismanna og sérfræðinga. Hér er um grundvallarmismun að ræða. Ótalin dæmi sýna það, að sérfræðingar og embættismenn geta engan veg talist sá óskekuli dómsaðili sem oft er látið í veðri vaka. Því síður hefur það verið sannað með nokkrum siðferðilegum rökum, að þeir séu réttari ákvörðunaraðili en konan sjálf, sem tekur á sig jafnt ábyrgð sem afleiðingar.

Sérstök áhersla skal á það lögð, hvers eðlis fóstureyðing er, ekki síst frá sjónar-hóli konunnar, þ. e. hreint neyðarúræði. Ekki síst þess vegna hlýtur konan að vera sá ákvörðunaraðili, sem að öllu jöfnu á að vera best að treysta, auk þess sjálfsagða réttar, er konan ætti hér að hafa sem veigamikinn þátt almennra mann-réttinda.

Með því að tryggja konunni sjálfsákvörðunarrétt er um leið lögð á herðar henni siðferðileg ábyrgð, ábyrgð, sem ég treysti íslenskum konum fyllilega til að axla af hvoru tveggja: dómgreind og siðgæðisprosa.

Ótakmarkaður er þessi sjálfsákvörðunarréttur ekki og á heldur ekki að vera skv. þeim breytingartillögum, sem ég styð. Hann er þar háður skilyrðum sem ég tel fullnægjandi og er ekki í vafa um að veiti ærið aðhald.

Sjálfsákvörðunarrétturinn er hér meginágreiningsefni. Hann hefur oft og víða verið studdur gildum rökum, sem ekki skulu endurtekin hér í nefndaráliti, en munu rædd nánar í framsögu.

Alþingi, 7. maí 1975.

Helgi Seljan.